

reglur um framkvæmd hennar. Þess skal vandlega gætt, að ekki séu leyfð fleiri vaktaskipti en nauðsyn ber til.

g) Þeir leyfishafar sem hafa til þess sérstakt leyfi (útgerðarleyfi) mega láta aka í þeim leyfum, þótt viðkomandi hafi ekki atvinnuleyfi.

h) Leyfishafi, sem hefur leyfi til að hafa launþega á bifreið sinni, hefur heimild til að leggja launþega til aðra bifreið, meðan hans eigin bifreið er til viðgerðar vegna bilunar, enda geri viðkomandi bifreiðastöð ekki athugasemd við bifreiðina.

Þeir leyfishafar sem vilja notfæra sér undanþágur, sem í þessari grein felast skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum undirrituðum af stöðvarstjóra viðkomandi bifreiðastöðvar um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Leyfishafi ber fulla ábyrgð á því, að undanþágan sé ekki misnotuð, enda getur slík misnotkun varðað missi atvinnuleyfis um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, sé um ítrekuð brot að ræða.

Úthlutunarmenn veita undanþágur eftir að hafa gengið úr skugga um að fullnægt sé framangreindum skilyrðum. Skal leyfið vera skriflegt, tímabundið og tekið fram hvað í því felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur og sýna úthlutunarmönnum, ef þeir æskja þess. Ekki má veita undanþágu til atvinnuleyfis, sem úthlutunarmenn hafa stöðvað.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1983.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 313 13. maí 1983 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 594 8. ágúst 1983 um breyting á henni.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	100
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	120
3. Íslenskar áfengistegundir	340
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót.a.	500

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	300 kr/tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	320 kr/200 stk.
3. Smávindlingar	40 kr/10 stk.
Meðalstærð	180 kr/25 stk.
Vindlar, aðrir	220 kr/25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tolyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1967 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tollleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1983.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Skúli Bjarnason.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður bæjarráð skattinn.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisparfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,325 af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 250 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.